

# HANDBÓK FORELDRA

## Skólasel

---

### **Kæra foreldri/forráðamaður !**

Það er stórt skref að byrja í skóla, og fyrir mörg börn er Skólaselið fastur hluti af skóladeginum.

Hlutverk Skólasels er að mæta þörfum fjölskyldna í Grindavík og skapa yngstu nemendum skólans tryggan samverustað eftir að skóla lýkur þar sem þeir taka þátt í skipulögðum tómstundum og frjálsum leik úti og inni.

Í þessu skjali er að finna gagnlegar upplýsingar um starfsemi Skólasels, ásamt leiðbeiningum til að tryggja farsælt og öruggt samstarf starfsfólks og heimila.

Við bjóðum barnið þitt velkomið í Skólasel og vonum að dvölin verði ánægjuleg.

### **Markmið Skólasels eru:**

- Að skapa börnunum öruggt og notarlegt umhverfi þar sem þau fá notið sín í leik og í starfi.
- Að gefa börnunum tækifæri til að leika sér í frjálsum leik með félögum í vernduðu umhverfi.
- Að gera börnunum kleift að stunda íþróttir og tónlistanáms á viðverutíma Skólasels.
- Að stuðla að því að börnin upplifi sig á jákvæðan hátt og fái aukið sjálfstraust.
- Að efla hreyfi og tjáningafærni barnanna.

---

### **Skólasel**

Grunnskóli Grindavíkur. Yngsta stig, staðsett við Suðurhóp 2. 240 Grindavík.

Sótt er um í gegnum vefsíðu Grindavíkurbæjar - íbúagátt

Forstöðumaður: Sigurbjörg Guðmundsdóttir [sigurbjorg@grindavik.is](mailto:sigurbjorg@grindavik.is)

Best er að hafa samband fyrir hádegi. 6607321/4201287

## Að sækja um pláss

Í maí ár hvert er opnað fyrir umsóknir í Skólasel. Öll börn sem búið er að sækja um dvöl fyrir 15. júní fá pláss við upphaf skólaárs. Ef sótt er um dvöl síðar en 15. júní er ekki unnt að ábyrgjast dvöl á frístundarheimilinu fyrr en búið er að ráða starfsfólk. Skólaselið er ætlað börnum í 1. – 3. bekk.

Sótt er um á íbúagátt á heimasíðu Grindavíkurbæjar: [grindavik.ibuagatt.is](http://grindavik.ibuagatt.is) Hægt er að fá aðstoð við að fylla út rafræna umsókn hjá forstöðumanni Skólasels til 15. júní. Ef barnið á systkini í öðrum vistunum á vegum Grindavíkurbæjar s.s. leikskóla eða hjá dagmóður er í boði að sækja um systkinaafslátt í gegnum íbúagáttina.

- 2. barn fær 35% afslátt
- 3. barn fær 75% afslátt
- 4+ barn fær 100 % afslátt

Foreldrar geta valið um tvenns konar dvalartíma, þ.e. annars vegar frá kl. 13:00 – 15:00 alla daga og hins vegar frá kl. 13:00 – 16:00 alla daga. Hægt er að óska eftir viðbótar 15 mínútum frá kl. 16:00 gegn gjaldi. Dvalarsamningur er gerður fyrir allt skólaárið.

## Forgangur

Umsóknir um dvöl á frístundaheimili eru afgreiddar í tímaröð, en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk og að lokum börnum í 3. bekk.

Sækja þarf um skriflega til forstöðumanns vegna forgangs fatlaðra barna, barna sem búa við félagslegar erfiðar aðstæður og barna sem búið hafa minna en 2. ár á Íslandi.

## Breyting á vistun eða uppsögn.

Hægt er að gera breytingu á dvalartíma um mitt skólaár og skal sú beiðni lögð fram eigi síðar en 1. desember ár hvert og tekur breytingin þá gildi um áramót.

Sækja þarf um uppsögn dvalar með eins mánaðar fyrirvara.

## Opnunartími

Starfsemi Skólasels hefst fyrsta skóladag að hausti og líkur síðasta skóladag að vori. Skólaselið er opið alla skóladaga frá því Grunnskóla lýkur og til kl: 16:00. Í boði er að kaupa korter frá kl: 16:00 – 16:15

Opið er á samskiptadögum frá kl: 8:00 – 16:00. Sækja þarf sérstaklega um dvöl frá klukkan 8.00 – 13.00.

Lokað er í jóla og páskafríum, starfsdaga, vetafrísdaga, árshátíðardag, á vorgleði og skólaslitadegi.

## Starfsfólk

Leitast er við að hafa starfsmannahópin fjölbreyttan og veita þjálfun og fræðslu sem nýtist þeim í starfi t.d. er varðar samskipti og hegðun og þroska barna, skyndihjálp ofl.

## Hressing

Barnið er sjálfkrafa skráð í hressingu sem hefst 13.30 í salnum og stendur yfir þar til allir hafa nært sig. Börnin borða í litlum hópum. Boðið er upp á brauð og fjölbreytt álegg, hrökkbrauð, mjólk og ávexti. Stundum er boðið upp á köku, djús, kakó og popp og annað í þeim dúr. Boðið er aftur upp á ávexti kl: 15.30.

## Gjald

Greitt er fyrir skráðan dvalartíma, óháð því hvort barnið mætir eða ekki. Ekki er í boði að fella niður gjald vegna veikinda eða fjarveru erlendis, en gjald vegna hressingar er hægt að fella niður ef um lengri tíma en 3 vikur er að ræða.

Gjaldskrá er á heimasíðu skólans <http://www.grindavik.is/skolinn/6019>

## Mæting

Að loknum skóladegi koma börn úr öðrum og þriðja bekk sjálf yfir í Skólaselið og merkja sig inn á valtöflu. Börn úr fyrsta bekk eru sótt fyrstu vikurnar í sína stofu, þar er tekið nafnakall og þeim fylgt að valtöflunni.

Veikinda og fjarverutilkynningar til ritara skólans skila sér til okkar. Mikilvægt er að láta okkur vita ef barn er sótt strax eftir skóla.

## Íþróttir á viðverutíma Skólasels

Mörg börn koma æfa íþróttir og þegar dagskrá hvernar íþróttadeildar liggur fyrir sendum við börn á æfingar. Við fylgjum fyrsta bekkjar börnum þar til þau rata leiðina, eftir það fara þau saman í hópum. Ef þitt barn mun æfa íþrótt í vetur, láttu okkur vita með tölvupósti á [sigurbjorg@grindavik.is](mailto:sigurbjorg@grindavik.is) Starfsmaður sér um að senda þau af stað og fylgist með að þau skili sér til baka. Munið íþróttaföt.

## Símtöl

Ekki er í boði að nota eigin síma í Skólaseli og skal hann hafður í skólatösku öllum stundum. Ekki er gert ráð fyrir að börnin hringi úr síma Skólasels. Ef um veikindi eða vanlíðan er að ræða hringir starfsmaður heim og veitir upplýsingar.

## Líðan og hegðan

Mikið návígi er í leik og starfi í Skólaselinu og yfirleitt ganga öll samskipti vel. Mikilvægur hluti af þroskaferlinu er að læra að taka tillit til annarra. Að ná góðum tókum á samskiptum er mörgum börnum áskorun og tekur tíma að slípa til.

Við viljum kenna börnunum að bregðast rétt við ef þeim mislíkar eitthvað, og að koma vel fram við hvort annað. Það kemur fyrir að barn missir stjórn á skapi sínu og lendir saman við önnur börn. Fyrstu viðbrögð starfsfólks er að ræða við þau börn sem hlut eiga að máli og gefa þeim kost á að útskýra sína hlið. Eftir það er rætt hvernig hefði verið hægt að bregðast öðruvísi við og börnin eru hvött til að finna sáttaleið.

Ef um alvarleg atvik, uppákomur eða meiðingar er að ræða er foreldrum tilkynnt um málið. Í einstaka tilfellum getur starfsfólk þurft að hafa samband og biðja um að barn sé sótt.

Ef barn hleypur í burtu /heim af skólalóð er foreldrum tilkynnt það. Mikilvægt er að foreldri komi aftur með barnið strax í Skólasel til að reyna að forðast endurtekningu.

Foreldrar eru hvattir til að deila með starfsfólki upplýsingum um líðan, heilsu eða aðstæður barnsins ef ástæða er til, svo auðveldara sé að stuðla að vellíðan barnsins.

## Starfið

Reikna má með að starfið fyrstu vikunnar að hausti gangi út á að kynnst hvort öðru. Þegar að þeim tíma líkur fer starfið í fastari skorður.

Frístundin byrjar alltaf á að börnin velja sér svæði fram að hressingu. Starfsmaður er á hverju svæði og einkennist starfið af frjálsum vali í bland við verkefni eða leiki sem starfsmaður sér um.

Eftir hressingu er svo frjálst að flakka milli svæða.

Svæðin eru

Selatangar	Þar fer fram fönður, myndlist, perlur og önnur listsköpun.
Salur	Þar er í boði ýmiskonar hreyfing s.s.körfubolti, gólfhokký og leikir. Búningar og dans. Opið svið er einu sinni í viku. Stundum höfum við bíó.
Skólaselstofa	Frjáls leikur, píla, kubbar ofl.
Spila og kósýherbergi	Herbergið inn af Skólaselinu skiptist reglulega á að vera kósýherbergi (bækur, púðar og rólegheit) og spilaherbergi.
Útisvæði	Leiktæki, sparkvöllur og körfuboltavöllur. Brekka og opinn mói þar sem gaman er að leika. Brettasvæði þar sem börnin renna sér. Göngu og skoðunarferðir.
Skólastofa	Hlutverkaleikir t.d. búðaleikur og brúðuleikhús

Daglega bjóðast 2 börnum að aðstoða við að setja upp hressinguna. Einnig eru 2 - 4 börn gangaverðir. Hlutverk þeirra er að halda göngum snyrtilegum t.d. raða skóm, flíkum og tösnum. Mjög vinsæl verkefni 😊

## Útbúnaður barnsins

Öll börnin hafa föt, skó og töskur á sama stað yfir daginn, við skólastofuna sína. Það er nauðsynlegt að vera alltaf búin eftir veðri og hafa aukaföt í tösku á snaganum. Nauðsynlegt er að merkja töskur, föt og skó vel.

Foreldrar og börn eru vinsamlega beðin að skilja ekkert eftir á föstudögum, til að hægt sé að þrifa vel á göngum og í andyri.

Allir óskilamunir eru í körfum við skólastofur eða á borðum og í hillum í andyri. Við hvetjum ykkur til að koma við og fara yfir óskilamuni reglulega.

Ef barn kemur á hjóli í skólann, er ekki í boði að hjóla á skólalóðinn vegna slysaþættu. En það er leyfilegt að fara á hjólinu á milli í íþróttastarf á tíma Skólasels.

## Veðrið

Við höfum í nokkur ár haft vindaviðmið þegar kemur að því að senda börn á æfingar. Mjög hvasst getur orðið við Hópskóla og eru viðmiðin okkar 17 metra vindur og yfir 20 metra hviður samkvæmt veðurspá. Gul vindaspá er nánast alltaf yfir þessum viðmiðum og hvassara er oft hjá okkur hér í efri byggðum. Ef þið viljið hækka þessi viðmið fyrir ykkar barn látið okkur vita. Það er munur á 6 ára og 9 ára barni. Ef þið viljið að barnið ykkar mæti á æfingu, þá þurfið þið að gera ráðstafanir. Fylgist því vel með veðurspám og tilkynningum frá skólanum á fb. síðu eða heimasíðu skólans. Foreldrar verða að láta okkur vita ef barnið á að ganga heim. Við viljum að barnið ykkar komi heilt heim. Hringið í 6607321 ef þið eruð óviss.

## Brottför

Gengið er út frá því að börn séu sótt í lok dags. Foreldrar geta skráð börn sín í kladdan okkar að *ganga heim* sem gildir þá alla daga. Ef barn má stundum ganga heim, þarf að láta vita í hvert skipti samdægurs fyrir hádegi með tölvupósti, sms eða hringja í síma 6607321. Látið okkur vita ef barnið má fara heim eftir æfingu, þó dvalartímanum sé ekki lokið.

Mikilvægt er að barnið skrái sig út af valttöflunni, þannig getur starfsmaður fylgst með að barnið er farið heim.

Vinsamlegast virðið skráðan dvalartíma og sækið börnin á réttum tíma.